Þann 14. janúar 2026 sendi undirritaður fyrirspurn til Umhverfis- og skipulagsráðs sem var svohljóðandi: Svar barst frá

5 ***Hvernig verður eftiriti háttað með framkvæmdum á Fannborgarreit þegar og ef byggingarleyfi verður gefið út?***
Svar frá sviðsstjóra umhverfissviðs var þannig: ***„Byggingarfulltrúi mun sinna eftirliti með sprengingum og öryggismálum einnig“***

Þá lagði undirritaður fram aðra spurningu sem var þannig:
6 ***Verða menn látnir sæta viðurlögum við brotum af því tagi sem hér er framið?***
Svar sviðsstjóra var þannig***: „ Kópavogsbær mun beita þeim lögbundnu þvingunum og úrræðum ef þörf er á“.***

Þann 6. apríl varð mikill misbrestur á niðurrifi á Fannborg 6. Bárujárnsþakplötur fuku í ofsaveðri og talsverðar skemmdir urðu á Fannborg 8 (Gjábakka). Myndskeið náðist af þakplötum fjúka langt út fyrir varnarvegg kringum húsið. Vegfarendur voru í mikilli slysahættu og mildi var að engin slys urðu á fólki.
Svar óskast skriflega við eftirfarandi spurningum í ljósi þess sem gerðist.

1 Var eftirlit byggingafulltrúa fullnægjandi varðandi öryggismál á niðurrifinu í ljósi þess sem gerðist?
2 Er Kópavogsbæ kunnugt um hvor rannsókn sé í gangi vegna þessa máls og þá líka hver það er sem ber ábyrgð á henni?
3 Hvaða lögbundnu þvingunum og úrræðum hyggst Kópavogsbær beita í þessu máli?
4 Nú liggur fyrir að fara þarf í miklar breytingar á húsnæðinu að Fannborg 8 vegna niðurrifs á efra bílastæðinu milli þeirrar eignar og Fannborgar 7-9. Mun Kópavogsbær taka á sig fjárhagslegar skuldbindingar varðandi breytingar á því húsnæði? Hver mun bera þann kostnað?
5 Er komin nákvæm tímasetning á hvernig niðurrifi og sprengingum verður háttað á Fannborgarreit?
6 Eftirfarandi mynd af auglýsingu um næstu skref um verkefnið „Miðbær i mótun“ sendi vinur minn mér í síðustu viku. Þessi auglýsing hékk uppi á Te og Kaffi í Hamraborg, en þangað hef ég ekki komið í nokkurn tíma. Þar segir m.a. „ Verktaki mun draga úr óþægindum fyrir íbúa og fyrirtæki á svæðinu eins og unnt er“. Dagsetning þessara tilkynningar er 25. mars 2026, viku áður en áðurnefndir atburðir gerðust sem vitnað var til. Þessi tilkynning var ekki borin út í hús í nálægum íbúðum. Hvers vegna ekki?
7 Í dreifibréfinu er sagt frá því að „haldinn verði upplýsingafundur fyrir íbúa á svæðinu“. Hvenær verður sá fundur?

Hákon Gunnarsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Kópavogsbær 25. mars 2026

Miðbær í mótun — næstu skref

Framkvæmdum í miðbæ Kópavogs miðar áfram. Hér er upptalning á því sem hefur verið í gangi undanfarið og því sem er á dagskrá:

- Niðurrifi hússins að Fannborg 2 er lokið. Í vikunni 23.-27. mars 2026 er verið að mylja sökkla og flokka úrgangsefni.
- Að lokinni flokkun og brottakstri efnis verður fyllt upp í grunninn fyrir bílastæði, eins og gert er ráð fyrir í framkvæmdafasa 2.
  - Það bílastæði verður tilbúið í vikunni 23.-27. mars 2026, ásamt öllum viðbótarstæðum.
  - Búið er að opna stæðaröð á efra bílastæðinu.
  - Búið er að minnka lokunarsvæði á neðra plani og fleiri bílastæði opnuð þar.
- Til að minnka rykdreifingu hefur verktaki notast við háþrýsti-vatnsúðara sem mynda mistur yfir brotsvæði og takmarka ryk sem annars færi yfir nálæg hús og bifreiðar.
- Gert er ráð fyrir að niðurrifsleyfi fyrir Fannborg 4 og 6 verði gefin út í vikunni 23.-27. mars 2026. Þegar leyfin eru komin hefst niðurrif á þeim húsum.
- Engar sprengingar hefjast að svo stöddu.
- Þegar niðurrifi á Fannborg 4 og 6 er lokið, verður platan yfir bílakjallaranum rifin.
- Að því loknu hefst jarðvinna, sem felur jafnframt í sér sprengingar.
- **Áður en jarðvinnan hefst, verður haldinn upplýsingafundur fyrir íbúa og fyrirtæki á svæðinu. Einnig verða send út dreifibréf og nýjar upplýsingar sendar út í tölvupósti og settar á heimasíðuna midbaer.kopavogur.is. Verktaki mun draga úr óþægindum fyrir íbúa og fyrirtæki á svæðinu eins og unnt er.**

Allar frekari upplýsingar er að finna á vefsíðunni **midbaer.kopavogur.is**. Þar er jafnframt hægt að skrá sig á póst- og sms-lista. Fyrirspurnir má senda á netfangið **midbaer@kopavogur.is** →

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Skjal sótt af '0000000000000' dags: 25.10 2026